

## Stóðst hagfræðin prófið?

Fjármálakreppan síðustu ár vekur margar áleitnar spurningar. Ein þeirra er þessi:

Hvernig kemur þjóðhagfræðin sem fræðigrein út úr kreppunni? Hefur stúdentum verið kennd tóm steypa?

Sumir virðast líta svo á, að hagfræðin hafi brugðizt og bera því við, að fæstir hagfræðingar sáu kreppuna fyrir. Eiga menn þá að fordæma jarðfræði sem fræðigrein á þeirri forsendu, að jarðfræðingar hafi ekki séð tiltekinn jarðskjálfta fyrir? Nei, varla.

Fremsti hagfræðingur heimsins um sína daga, Irving Fisher, prófessor í Yale-háskóla, hélt fyrirlestra um öll Bandaríkin árin fyrir Kreppuna miklu 1929-39 til að lýsa þeirri skoðun, að allt væri eins og það ætti að vera í bandarísku efnahagslífi. Hann missti húsið sitt skömmu síðar og hefði þurft að flytja út, hefði háskólinn ekki leyft honum að búa þar áfram.

Það er ekkert nýtt í því, að hagfræðingar sjái fjármálakreppur ekki fyrir, því að oft verða kreppur ekki sýnilegar fyrr en þær skella á. Menn trúa því einhvern veginn, að nú séu nýir tímar og þekkt einkenni, sem á fyrri tíð reyndust vera fyrirboði kreppu, þurfi ekki endilega að boða kreppu núna. Þannig var þetta árin fram að falli Lehman Brothers 2008. Margir héldu, að aukin hagkvæmni í bankarekstri dygði til að vega upp aukna áhættusókn. En ekki allir. Edward Gramlich, fv. hagfræðiprófessor frá Michigan, sat í bankastjórn bandaríska Seðlabankans og sá kreppuna fyrir, a.m.k. þann part af henni, sem átti upptök sín á húsnæðismarkaði, undirmálslánin og allt það. Hann birti bók um málið 2007, en viðvaranir hans fengu ekki undirtektir í Seðlabankanum.

Aðrir benda á, að bönkum sé ekki gert nógu hátt undir höfði í mörgum þjóðhagslíkönum og þess vegna þarfnist þessi líkön endurskoðunar. Þessi gagnrýni á við um sum þjóðhagslíkön, einkum þau, sem eru ættuð frá Chicago og gera ekki ráð fyrir óviljuðu atvinnuleysi og þá ekki heldur fyrir bankakreppum. Þessi gagnrýni á miklu síður við um líkön, sem hvíla á arfleifðinni frá Keynes, því að þar rúmast óviljað atvinnuleysi og sveifflugangur í framleiðslu og atvinnu hvort heldur vegna hnykkja á eftirspurnarhlið hagkerfisins eða framboðshliðinni eða vegna bankahruns. Flestar kennslubækur í þjóðhagfræði eru nokkurn veginn alveg eins núna og þær voru fyrir hrun að öðru leyti en því, að sumir höfundar hafa kosið að bæta við sérstökum kafla um fjármálakreppur, og það er fínt. Grunnurinn stendur óhaggaður.

Kjarni málsins er sá, að fjármálakreppan, sem skall á með falli Lehman Brothers 2008, varð ekki að nýrri heimskreppu vegna þess, að þjóðhagfræðin stóðst prófið. Sameiginlegt átak Bandaríkjastjórnar og ríkisstjórna helztu Evrópuríkja til að spýta fersku fé inn í efnahagslífið báðum megin við Atlantshafið bar tilætlaðan árangur, alveg eftir bókinni. Árangurinn varð að vísu minni en hann hefði þurft að vera, en það stafar að minni hyggju af því, að skammtarnir voru ekki nógu stórir. Obama forseti fékk ekki leyfi Bandaríkjaþings til annars en hálfgerðra smáskammtalækninga, og þýzka ríkisstjórnin hélt með líku lagi aftur af frönsku ríkisstjórninni og öðrum, sem vildu stíga hressilegar á bensínjölfina til að rífa efnahagslífið upp úr lægðinni eftir bókinni. Hefði ekkert verið að gert, er mikil hætta á, að skellurinn hefði orðið mun meiri en raun varð á. Hagstjórnarfræðin virkaði eins og við var að búast frá mínum bæjardyrum séð.

Samt eru blikur á lofti í fræðaheiminum. Sumir telja ríkisútgjaldamargfaldarann miklu minni en hann er sagður vera flestum í kennslubókum. Þess vegna ráðlagði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn t.d. Grikkjum að skera niður útgjöld ríkisins í stórum stíl. Ef margfaldarinn er lítill, hefur niðurskurður ríkisútgjalda lítill áhrif á framleiðslu og atvinnu, en það varð ekki raunin í Grikklandi. Sjóðurinn lagðist yfir málið að nýju fyrir skömmu fyrir tilstilli aðalhogfræðings sjóðsins, Oliviers Blanchard, fv. prófessors á MIT. Og viti menn: þeir komust að því með nýjum athugunum, að margfaldarinn er nokkurn veginn eins og honum er lýst í kennslubókum, og þar á meðal er kennslubók Blanchards sjálfs. Af því leiðir, ef rétt reynist, að uppskriftin handa Grikkjum á ekki lengur við. Menn læra af mistökum í hagstjórn eins og í lífinu yfirleitt. Þannig á lífið að vera.